



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

10. fundur stjórnar 2022-2023 þriðjudaginn 7. febrúar 2023

kl. 12.00 – 14.00 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt á Teams: Pétur Henry Petersen formaður, Engilbert Sigurðsson, Grétar Þór Eyþórsson, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Forföll: Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Ólafur Páll Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 10. janúar 2023 lögð fram til afgreiðslu.
2. Hlutverk formanns.
3. Fjármögnun háskólastigsins.
4. Úrskurður í kærumáli til Siðanefndar HÍ.
5. Húsnæðimál FPR.
6. Staða mála hjá HA vegna túlkunar á yfirvinnu.
7. Kjaramál - undirbúningur verkáætlunar.
8. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 10. janúar 2023.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.03.

1. Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 10. janúar 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt með áorðnum breytingum.

2. Hlutverk formanns.

Rætt var um hlutverk og umboð formanns og stjórnar í tengslum við kynningu á stöðunni í kjaraviðræðum. Stjórn var sammála um að það væri ekki tímabært að ræða frekar um vinnumat á þessum tímamarki. Mikilvægt væri að fá greiningar til að byggja umræðuna á, fá þær hjá vísindasviði HÍ m.a. hversu lengi fólk er í hverjum launaflokki fyrir sig og tengsl yfirvinnu-greiðslna og rannsóknastiga. Einnig er mikilvægt að greint verði hvort fólk sé með mismörg stig milli ára eða hvort ákveðin hópur sé alla jafna með mjög fá stig, jafnvel þrátt fyrir talsverða rannsóknarvirkni. Ef einhver hópur situr eftir kalli það á viðbrögð.

Ákveðið var að ÞB og LP setji saman minnisblað stjórnar um þá umræðu sem fór fram undir þessum lið.

Þá kom tillaga um að stjórnin setji sér almennar starfsreglur og var samþykkt að skoða fordæmi hjá BHM og öðrum tengdum félögum.

HG vék af fundi vegna kennslu kl. 13.06.

3. Fjármögnun háskólastigsins.

Formaður ræddi fjármögnun háskólastigsins og samkeppnishæfi en Ísland er að dragast aftur úr í samanburði við önnur Norðurlönd og fleiri lönd innan OECD. Þrátt fyrir þá staðreynd lækkar fjárveiting til háskólastigsins á milli ára á fjárlögum.

Rætt var um bókun háskólaráðs HÍ frá 12. janúar sl. um málið. Ákveðið var að FPR sendi út yfirlýsingu til að vekja athygli á málinu með ályktun þar sem tekið yrði undir bókun ráðsins. Formanni var falið að leita samstarfs um málið til Félags háskólakennara.

4. **Úrskurður í kærumáli til Siðanefndar HÍ.**

Formaður vísaði til afgreiðslu máls sem tekið var fyrir á 7. fundi stjórnar þann 6. desember sl. sem varðar kæru til Siðanefndar HÍ. Niðurstaða er komin í málið en HÍ taldi ekki ástæðu til viðbragða af hálfu skólans gagnvart viðkomandi prófessor. FPR er komin með úrskurðinn í hendur og önnur málgögn. Viðkomandi hefur veitt leyfi til þess að sýna úrskurðinn ef mál af svipuðum toga kemur inn á borð félagsins.

5. **Húsnæðismál FPR.**

Framkvæmdastjórum aðildarfélag BHM var boðið á fund 17. janúar sl. til að ræða húsnæðismál bandalagsins sem áformar að flytja úr Borgartúni 6. Verið er að leita að húsnæði sem uppfyllir betur þarfir skrifstofunar og þeirra aðildarfélag sem samnýta húsnæði með BHM. Þau félag sem eru ekki með voru spurð um áhuga þeirra á því. Vinna við þarfagreiningu er hafin og æskilegt er að þau félag sem hafa áhuga taki þátt í því ferli. Samþykkt var að framkvæmdastjóri fái umboð til að skoða málið með BHM með hugsanlegan flutning skrifstofu FPR í huga með bandalaginu.

6. **Staða mála hjá HA vegna túlkunar á yfirvinnu.**

GÞE upplýsti um stöðuna en málið hefur áður verið á dagskrá stjórnar, fyrst 30. ágúst sl. Niðurstaða er líklega komin í málið sem byggir á því að yfirvinna við HA sé áætluð tvö fram í tímann og samþykkt af yfirstjórn HA. GÞE mun leggja fram tillögu að samkomulagi fyrir rektor sem sviðs- og deildarforsetar þurfa að samþykkja. Rætt var um nauðsyn þess að fá álit lögfræðings áður en samkomulagið liggur fyrir.

7. **Kjaramál – undirbúningur verkáætlunar.**

Formaður upplýsti um stöðu kjaraviðræðna og verkáætlunar sem BHM er að vinna að. Í því sambandi ræddi hann einnig um skilyrta umboðið með BHM, KÍ og BSRB og hvað í því felst. Þá eru samninganefndir FPR, FH og HA að vinna að sameiginlegum áherslum háskólastigsins fyrir viðræður við SNR.

Kröfugerð FPR er í vinnslu og langt komin. Stjórn var beðin um að koma með tillögur að breytingum áður en hún verður send sem drög til félaga í FPR nk. föstudag með ósk um athugasemdir.

8. **Önnur mál.**

a) **Reiknilíkanið og kennsla.**

Formaður upplýsti að umræða væri innan stjórnarsýslu háskólanna að breyta reiknilíkönunum vegna kennslu. Rætt var hver getur breytt reiknilíkani og hver aðkoma FPR ætti að vera að slíkum breytingum.

b) **Fundur norrænu háskólafélagana.**

Formaður minnti á hinn árlega fund norrænu háskólafélagana sem verður dagana 12.-14. júní nk. á Íslandi. Búið er að bóka Hótel Örk í Hveragerði fyrir fundinn sbr. ákvörðun stjórnar.

c) **Bílastæðamál HÍ.** GBE ræddi bílastæðamálin við HÍ en fljótlega verða þau gjaldskyld. Ekki hefur verið upplýst um verðlagningu á þeim. Hún taldi rétt að félagið ætti að vera með í ráðum þar sem um kjaramál væri að ræða fyrir starfsfólk skólans.

d) **Fundir með rektorum ríkisháskólanna.**

Formaður upplýsti að hann er búin að fara á fundi með rektorum skólanna. Fyrst með rektor HÍ í ágúst, síðan með rektor HA í október og rektor Háskólans á Hólum í sama mánuði. Í byrjun febrúar var fundur með rektor Landbúnaðarháskólans og var LP einnig með á þeim fundi. Þá er stefnt að öðrum fundi með rektor HÍ á næstu dögum.

e) **Mál í umsagnarferli.**

LP upplýsti um eftirtalin mál sem eru í umsagnarferli:

Drög að siðareglum BHM. Umsögn þarf að berast fyrir 1. mars nk.
Drög að nýrri reglugerð um atvinnusjúkdóma sem er í samráðsgátt stjórnvalda. Frestur til að skila umsögn er til 22. febrúar nk.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.02.

Fundarritari: LÞ.